

39 19. júní reglur, eftir því sem þurfa þykir, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendum markaði án þess að gæta fyrir mæla laga þessara um mat, flokkun og merkingu þess og án þess að hafa fengið undanþágu frá kjötmerkingu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., og varðar það sektum frá 500 til 5000 kr. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 2000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirkjötsmanns, aðstoðarmanna hans, kjötmatsmanna og lækna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 19. maí 1930, um mat á kjöti til útflutnings, og lög nr. 12 13. september 1912, um merking á kjöti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

40

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða

til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins, innheimtu og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir. **40**
19. júní

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu í land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög. **41**
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.